

Ársskýrsla ríkissáttasemjara fyrir árið 2013

Í lögum nr. 80/1938 með síðari breytingum, er starfsskyldum ríkissáttasemjara lýst. Auk þess að miðla málum í einstökum kjaradeilum er honum skylt að fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífnum, þróun kjaramála og atriðum sem valdið gætu ágreiningi á vinnumarkaði. Þá ber honum að senda velferðarráðherra skýrslu um störf sín árlega.

1. Kjarasamningar í árslok 2013

Samkvæmt lögum skal ríkissáttasemjari „*halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og er samtökum launafólks og atvinnurekenda, svo og ófélagsbundnum atvinnurekendum, skylt að senda honum samrit allra kjarasamninga sem þeir gera jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir.*“ Almenn er þetta ákvæði virt af samningsaðilum, hvort heldur samningar eru gerðir í húsnæði ríkissáttasemjara eða utan þess.

Í árslok 2014, þ.e. í lok samningstímabilsins sem hófst 2011, höfðu 214 kjarasamningar verið skráðir hjá embættinu. Sjá: **Kjarasamningar gerðir 2011, 2012 og 2013.**

Kjarasamningar höfðu verið gerðir fyrir nánast allan vinnumarkaðinn í landinu 1. desember 2013 þegar samningar á almenna vinnumarkaðinum runnu út. Frá eru taldir samningar milli útvegsmanna og viðsejenda þeirra og samningar við grunnskólakennara þó að friðarskylda ríki milli aðila. Þorri samninganna frá 2011 og 2012 höfðu gildistíma til fyrsta ársfjórðungs 2014. Á þetta jafnt við samninga á almennum markaði og opinberum. Tveir samningar gilda til 2015 og aðrir tveir til 2016.

Í nánast öllum samningum er ákvæði þess efnis að víki forsendur frá því sem gengið var út frá við gerð samninganna þá þurfi að ákveða, hvort einstökum samningum verður breytt eða hann felldur úr gildi. Niðurstaða um málsmeðferð skuli liggja fyrir eigi síðar en 21. janúar 2013. Niðurstaða viðræðna aðila á almenna vinnumarkaðnum í janúar 2013 leiddi til þess að samningarnir stóðu að meginefni til þrátt fyrir frávík frá samningsforsendum, en gildistími þeirra var stytur um tvo mánuði, þ.e. í stað loka janúar 2014 komu nóvemberlok 2013. Samsvarandi breyting var gerð á nær öllum kjarasamningum ríkis og sveitarfélaga við sitt starfsfólk.

Nýr kjarasamningur var gerður 21. desember 2013, s.k. aðfararsamningur, milli SA og svo til allra landssambanda innan ASÍ.

2. Vísuð deilumál

Í upphafi árs 2013 voru kjarasamningar komnir á við þorra stéttarféлага jafnt á almennum og opinberum vinnumarkaði eins og þegar er komið fram. Á árinu 2013 var 12 deilumálum þó vísað til sáttameðferðar og nokkur áttu upphaf sitt 2012 og var ekki lokið í árslok 2012. Í lok

árs 2013 var staðan sú að sátt hafði náðst í 7 málum og 5 mál eru enn til úrlausnar auk 5 mála frá 2012.

Af óleystum málum er fyrirferðarmest deila Landsambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) við stéttarfélag sjómanna og deila Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag grunnskólakennara (FG). Viðræður í fyrra málinu hafa staðið yfir allar götur frá maí 2012 en deilu grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga lyktaði með samkomulagi 15. febrúar 2013, um nýja viðræðuáætlun og friðarskyldu deiluaðila. Samningaviðræður hafa því haldið áfram án beinna afskipta sáttasemjara.

Lög kveða á um að ríkissáttasemjara beri að halda yfirlit um sáttafundi í vísuðum málum og skrá fundargerðir að fundum. Alls eru skráðir 190 fundir á árinu 2013, þar af 40 í málum sem var vísað til ríkissáttasemja.

3. Umbætur við gerð kjarasamninga

Kjarasamningar og kjaraviðræður á liðnum árum hafa iðulega gefið tilefni til umfjöllunar og mögulega endurskoðunar á starfsháttum við gerð þeirra. BSRB skrifaði þáverandi ríkisstjórn bréf 29. maí 2011 í kjölfar kjarasamninganna sem þá voru gerðir, og óskaði eftir að ríkisvaldið beitti sér fyrir umbótum á vinnubrögðum við gerð kjarasamninga m.a. að kjarasamningar standi ekki lausir svo mánuðum skiptir. Velferðarráðuneytið fól ríkissáttasemjara að athuga málið frekar með viðræðum við hlutaðeigandi aðila.

Í nóvember 2012 var efnt til fundarhalda og síðan haldin ráðstefna um ýmsa fleti kjarasamningagerðarinnar hér á landi. Verkefnið var afmarkað við vinnubrögð; hvernig þau hafa þróast á liðnum árum og hvað mætti fara betur í því efni. Leitað var eftir þátttöku og upplýsingum um stöðu þessara mála í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Þá var óskað eftir skoðunum kunnáttufólks hér á landi. Þessi kynning og umræða í kjölfar hennar hlaut almennt góðar viðtökur og ákveðið var að halda vinnunni áfram. Annars vegar var horft til þess að efnahagslegar forsendur skipta höfuðmáli fyrir stöðugleika og raunverulegan kaupmátt launa. Hins vegar var það álit ríkjandi að á grunvelli núverandi laga mætti hæglega bæta verklag við gerð kjarasamninga. Óþarft væri að óska eftir lagabreytingum fyrr en á reyndi.

Í samkomulagi ASÍ og SA í janúar 2013 segir að þeir: „*vilja koma að sameiginlegu borði með aðilum opinbera vinnumarkaðarins og setja markmið um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Fyrirmynda verði leitað í nágrannaríkjum okkar sem tekist hefur að auka kaupmátt samhliða lágri verðbólgu. Stefnt skal að því að sameiginleg sýn allra aðila vinnumarkaðarins á svigrúm atvinnulífsins og samfélagsins til aukins kostnaðar og bættra lífskjara næstu árin liggja fyrir í byrjun sumars og verði mótandi í nýrri lotu kjarasamninga næsta haust (þ.e. 2013).*“

Í janúar 2013 óskuðu forrystumenn stærstu samtaka launafólks og vinnuveitenda eftir að ríkissáttasemjari skipulegði kynnisferð með þátttöku sérfræðinga samtakanna til Norðurlandanna til að afla upplýsinga um tilhögun samningagerðrinnar og þau rök og sjónarmið sem liggja til grundvallar henni. Ferðin var farin undir lok febrúar 2013 og voru

móttökur í löndunum skipulagðar af embættum ríkissáttasemjara í hverju landi fyrir sig. Sérfræðihópurinn átti fundi með fjölda fulltrúa leiðandi samtaka á vinnumarkaði. Auk þess átti hópurinn sérstaka fundi með sáttasemjurunum hverjum um sig.

Afrakstur ferðarinnar var dreginn saman í sérstakri skýrslu, „*Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum*“ og kom út í maí 2013. Skýrslan var gerð opinber og kynnt öllum þeim sem að kjarasamningum koma. Jafnframt var hún þýdd á ensku og sænsku og gerð aðgengileg á heimasíðum ríkissáttasemjara, vinnuveitenda og bandalaga launafólks.

Með formlegu samkomulagi 11. júní 2013 var komið á fót „*Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga (SALEK)*“. Að samkomulaginu standa sjö aðilar þ.e. SA, Samband ísl. sveitarfélaga og ríkið sem vinnuveitendur og ASÍ, BSRB, BHM og KÍ sem heildarsamtök launafólks. Hlutverk nefndarinnar er í skemmstu máli að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og auka skilvirkni við gerð þeirra. Í samkomulaginu segir ennfremur að nefndin og starfshópar á hennar vegum munu eiga samstarf við Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands og aðrar stofnanir eftir atvikum. Loks var ákveðið að niðurstöður sem unnar yrðu á vegum nefndarinnar skuli vera samningsaðilum sem og öðrum til friðsra afnota. Fjármálaráðherra studdi starfið með fjárframlagi. Óskað var eftir að ríkissáttasemjari stýrði starfi nefndarinnar og héldi utan um starf á hennar vegum.

SALEK ákvað á fyrstu fundum sínum að bráður bugur yrði undinn að undirbúningi komandi kjarasamninga haustið og veturinn 2013 og 2014. Skipaðir voru tveir vinnuhópar; annar til að greina launa- og kaupmáttarþróun á tímabilinu 2006-2013, hinn til að lýsa efnahagsumhverfi kjarasamninganna. Sigurður Snævarr, hagfræðingur, var ráðinn til að vinna með starfshópunum. Í október 2013 kom út viðamikil skýrsla sem ber heitið „*Í aðdraganda kjarasamninga – efnahagsumhverfi og launaþróun*“. Skýrslan hlaut góðar viðtökur sem faglegur og gagnlegur grunnur til að ræða launaþróun, kaupmátt launa og ráðstöfunartekna og stöðugleika sem og almennar forsendur sem kjarasamningar byggjast á.

Ákveðið er að samstarfsnefndin haldi áfram störfum og að í maí 2014 verði unnið yfirlit um launaþróunina í ljósi þeirra samninga á almenna markaðinum sem gerðir verða. Jafnframt er ákveðið að skýrslan um efnahagsumhverfi og launaþróun verði uppfærð og endurbætt og liggi fyrir í október n.k.

Í desembersamningunum eru stefnumarkandi atriði sem að einhverju marki má rekja til sameiginlegs átaks til að bæta samningagerðina. Nýbreytni felst í því að gera viðræðuáætlun fyrir samninga sem ætlað er að taka gildi fyrst í byrjun árs 2015. Í áætlunni er komið á mun markvissara skipulagi en verið hefur. Formlega er ákveðið hvenær kröfur skulu lagðar fram og allt starfsferlið tímasett. Þá er samkomulag um að innan tiltekins tíma áður en nýjum samningi er ætlað að leysa gildandi samning af hólmi, skuli tekin ákvörðun um hvort og hvenær leita skuli aðstoðar sáttasemjara. Loks má geta þess að sameiginlegur skilningur er á að meiri reglufesta gildi um störf samninganefnda s.s. um fundaaætlun, skráningu funda og frásagnir af fundum.

Eitt eftirtektarverðasta ákvæði desembersamninganna er að samningsaðilar hafa orðið ásáttir um að stíga fyrstu skrefin í átt til atvinnugreinasamninga. Í þessu felst að samningar eru gerðir fyrir alla starfsmenn tiltekinnar atvinnugreinar eða vinnustaðar jafnt hvort eitt eða fleiri stéttarfélög standa að samningunum. Gerð atvinnugreinasamninga felur jafnframt í sér töluverðar breytingar á stafsháttum viðsemjenda því forsenda atvinnugreinasamninga er breytt samstarf stéttarfélaga og vinnuveitenda um undirbúning og gerð samninga. Hliðstæðir samningar hafa um árabíl verið gerðir um kaup og kjör starfsmanna í stóriðjunni.

Líklegt má telja að umræðan um breytt vinnubrögð við kjarasamningagerðina og ítarleg greining á vinnubrögðunum á Norðurlöndunum eigi einhvern þátt í tiltekinni nýbreytni í þeim samningi sem gerður var 21. desember 2013.

4. Rekstur embættisins

Rekstur embættisins hefur verið með áþekktum hætti og undanfarin ár. Starfsmenn á árið 2013 voru tveir þ.e. Elísabet S. Ólafsdóttir, skrifstofustjóri og Magnús Pétursson, ríkissáttasemjari. Á árinu var hluti húsnæðisins leigður Fjölmíðlanefnd og Íbúðalánasjóður leigði tímabundið fyrir dótturfélagið sem fer með útleigu á húsnæði í eigu sjóðsins.

Hjálagt:

Sáttamál 2013.

Kjarasamningar gerðir 2011, 2012 og 2013 -Yfirlit yfir kjarasamninga einstakra félaga og sambanda.